

AUGLÝSING

um starfsreglur um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998, starfsreglum um presta nr. 735/1998 og starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998, starfsreglum um presta nr. 735/1998 og starfsreglum um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998.

I. KAFLI

Breytingar á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

1. gr.

19. gr. í starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998 falli brott. Í hennar stað komi ný 19. gr. sem orðist svo:

Komi fram skrifleg og rökstudd tillaga í söfnuði, um að embætti sóknarprests eða prests skuli auglýst laust til umsóknar, á grundvelli 40. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, skal hún berast prófasti. Prófastur kynnir presti tillöguna og rökstuðning með henni. Hann ræðir síðan við málsaðila og kannar möguleika á sáttum, ef því er að skipta. Náist ekki sættir gerir prófastur sóknarnefnd viðvart og boðar hún til almenns safnaðarfundar, þar sem tillagan er tekin til afgreiðslu. Boða skal safnaðarfundinn með sama hætti og aðalsafnaðarfund sóknarinnar. Í fundarboði skal greina dagskrá og hvar nálgast megi tillöguna. Nægilegt er að tillagan og rökstuðningur með henni sé aðgengileg hjá prófasti eða biskupsstofu a.m.k. viku fyrir fund.

Á safnaðarfundinum skal presti gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna og leggja fram skriflega greinargerð. Presturinn vikur að því búnu af fundi, nema fundurinn ákveði annað. Að loknum umræðum eru greidd atkvæði um tillöguna og sendir sóknarnefnd niðurstöðuna til biskups Íslands með öðrum gögnum málsins, hafi tillagan verið samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða en ella fellur málið niður.

Fyrirsögn ákvæðisins verði:

Auglýsing embættis sóknarprests eða prests við lok skipunartíma í embættið.

II. KAFLI

Breytingar á starfsreglum um úrskurðarnefnd nr. 730/1998.

2. gr.

36. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Berist úrskurðarnefnd erindi frá biskupi Íslands með afgreiðslu og samþykkt safnaðarfundar á tillögu um að prestsembætti skuli auglýst, sbr. 40. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, skal nefndin, á grundvelli gagna frá framangreindum safnaðarfundum, veita álit sitt á því hvort auglýsa skuli embættið eða ekki. Úrskurðarnefnd skilar álitinu til biskups Íslands.

Ekki er unnt að skjóta álitinu úrskurðarnefndar til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Núverandi 36. gr. verði 37. gr.

III. KAFLI

Breytingar á starfsreglum um presta nr 735/1998.

4. gr.

Við 19. gr. bætist ný málsg. svohljóðandi:

Valnefndir eru kjörmenn í skilningi 40. gr. Þjóðkirkjulaða nr. 78/1997.

Hafi safnaðarfundur afgreitt og samþykkt tillögu um að embætti sóknarprests eða prests í prestakalli því er sóknin tilheyrir skuli auglýst og úrskurðarnefnd veitt álit sitt, sendir biskup valnefnd prestakallsins álit úrskurðarnefndar og önnur gögn málsins.

Formaður valnefndar boðar nefndina til fundar með hæfilegum fyrirvara og stýrir fundi.

Á þeim fundi skal valnefnd afgreiða tillögu um hvort embætti skuli auglýst eða ekki og skal úrlausn valnefndar rökstudd.

Formaður tilkynnir biskupi eins fljótt og kostur er niðurstöðu valnefndar og sendir honum jafnframt ákvörðun valnefndarinnar. Biskup kynnir hlutaðeigandi presti úrlausn valnefndar.

5. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. desember 2007.

Gjört í Reykjavík, 25. október 2007.

Pétur Kr. Hafstein,
forseti kirkjuþings

Dagný Halla Tómasdóttir
þingskrifari“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. október 2007.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, forseti kirkjuráðs.